

134. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Hafsteinn H. Gunnarsson, Ingvar Halldórsson, Ingbór Guðmundsson og Már Karlsson.

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 5. mars 2012 kl. 11:30

Þetta gerðist

1. Aðalfundur 2012

Komið er tilboð í húsnæði og veitingar; húsið 50.000, matur 1500 kr. og svo kaffi og með því eftir hádegi.

Staðfest dagkrá er eftirfarandi:

- 11:00 Aðalfundur. Venjuleg aðalfundarstörf.
- 12:00 Hádegimatur
- 13:00 Ráðstefna: Úrgangsmál í deiglunni
Fundarstjóri: **vantar nafn.**
Landsáætlun um úrgangsmál – Kjartan Ingvarsson, Umhverfissráðuneyti
Raf- og rafeindatækjaúrgangs – Guðmundur G. Þórarinnsson, formaður stýrinfundar
Innleiðing úrgangstilskipunar – Kjartan Ingvarsson, Umhverfissráðuneyti
- 14:30 Kaffihlé
Lög og reglur um sláturúrgan og dýraúrgang – MAST **vantar nafn á fyrirlesara**
Framtíð brennslustöðva á Íslandi – Hafsteinn H. Gunnarsson, Sorpsamlag
Þingeyinga
Gasmál urðunarstaða – Lúðvík Gústafsson, Samband sveitarfélaga
- 16:00 Skoðunarferð í Álfsnes og móttaka. Farið með rútu frá Hlégarði.
- 17:30 Komið til baka í Hlégarð.

Taka þarf fram í auglýsingu að rútan í Álfsnes er vegna aðgangsstýringar inn á svæðið. Einkabílum og gangandi er ekki hleypt inn. **RH** pantar rútu. **BS** gengur frá dagskrá.

Staða í stjórnarkjöri er þessi:

- Hafsteinn gefur kost á sér í formannsembættið.
- Már og Ingbór gefa kost á sér í stjórn.
- Ásmundur hjá Hringrás hefur verið tilnefndur til stjórnar.
- Ragna og Guðmundur gefa kost á sér sem varamenn.
- Bryndís kom inni stjórn 2011 og situr áfram.

RH og **MK** hafa rætt við skoðunarmenn og aðra sem að ársreikningagerð koma.

2. Styrkbeiðni frá Umhverfissráðuneyti

Svar bars frá Umhverfissráðuneyti vegna styrkbeiðnar. Svarið er jákvætt og veittur er 150.000 kr. styrkur vegna flugfars. **RH** gengur hefur samband við ráðuneyti vegna frágangs og greiðslu.

3. Önnur mál

Landbúnaðarháskólinn óskaði eftir að fá FENÚR merkin ókeypis til að nota í kennslu og inná svæðinu hjá sér. Þeim var boðið að kaupa disk með merkjunum á félagsverði, þ.e. 2800 kr. Stjórn var sammála því að ef byrjað er að gefa sumum merkin verði erfitt að draga línuna. Gjaldið er ekki hátt og ætti ekki að fæla frá.

Fundi slitið kl. 12:45. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 26. mars í hádeginu. Þá verður skrifað undir ársreikninga.

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir